

D ó m s o r ð:

Stefndi, Norgear A/S greiði stefnanda, Þorsteini Júlíussyni hrl., ísl. kr. 20.000,00 með 42% ársvöxtum frá 1.6. 1983 til 21.9. 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984 og 15% ársvöxtum frá þeim degi til 9.4. 1984, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, (nú 19% ársvextir) og kr. 12.000,00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. mars 1986.

Nr. 9/1986

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Kristni Jónssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. janúar 1986 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. janúar 1986.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var lýst yfir því, af hálfu ákærvalds og ákærða, að skaðabótaákvæði héraðsdóms væru ekki til endurskoðunar. Koma þau því ekki til álita, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, m.a. bréf skiptaráðanda í Reykjavík, Ragnars Halldórs Hall, dags. 6. mars 1986,

þar sem fram kemur, að bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Skiptaréttar Reykjavíkur 18. maí 1983. Skiptameðferð á búinu lauk 20. september 1983, með vísan til 120. gr. laga nr. 6/1978, án þess að nokkuð fengist greitt upp í lýstar kröfur. Bú ákærða var aftur tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði sama réttar 22. mars 1985. Skiptameðferð lauk 16. september 1985 með sama hætti og í hið fyrra sinnið.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir rétt að staðfesta hann að því er varðar refsingu ákærða og greiðslu hans á sakarkostnaði.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 12.000,00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Kristinn Jónsson, sæti fangelsi 6 mánuði. Fullnustu 3 mánaða af refsingunni skal þó fresta og fellur refsing niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms að því er varðar sakarkostnað ákærða eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar, hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 19. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 726-728/1985: Ákærvaldið gegn Kristni Jónssyni, J og B. Dómþing í málinu, sem dómtekið var, er í dag háð af Péttri Guðgeirssyni sakadómará.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. ágúst 1985, á hendur Kristni Jónssyni verkamanni, Bústaðavegi 99 í Reykjavík, fæddum 25. mars 1958 í Reykjavík, J og B, „ fyrir eftirgreind fjárvikabrot:

I.

Öllum kærðu er gefið að sök að hafa þann 29. júní 1984 staðið í sameiningu að kaupum á myndbandstæki af Sharpgerð hjá Hljómbæ hf., Hverfisgötu 103, Reykjavík, með afborgunarkjörum gagnert í því skyni að selja tækið jafnhraðan og hagnýta sér endursöluverð þess. Kaupverð tækisins var kr. 38.902,00 sem greitt var með þeim hætti, að J lagði til kr. 10.000,00 sem notaðar voru til greiðslu útborgunar í tækinu, en fyrir eftirstöðvar að viðbættum lántökuskostnaði samtals kr. 30.821,- gaf ákærði B út skuldaþréf til sex mánaða sem allir ákærðu vissu að B hafði hvorki getu né vilja til að greiða.

Ákærði J sá svo um sölu á tækinu fyrir kr. 27.000,00 sem ákærðu skiptu með sér.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940

II.

Ákærða Kristni Jónssyni er einum gefið að sök að hafa orðið uppvís að eftirgreindum fjársvikum og tilraun til fjársvika:

1. Í febrúarmánuði 1984 náð með sviksamlegum hætti vörum samtals að söluverði kr. 47.490,50 hjá birgðastöð Olíufélagsins hf. á Gelgjutanga í Reykjavík með því að telja starfsmönnum þar ranglega í trú um, að hann hefði heimild yfirmanna söludeildar Olíufélagsins hf. til að stofna til reikningsviðskipta. Ákærði seldi síðan vörurnar og hagnýtti sér andvirði þeirra án þess að hirða um að greiða viðskiptaskuldina.

2. Þann 8. mars 1983 náð með sviksamlegum hætti eignarhaldi á bifreiðinni M-2788, Chevrolet Malibu árgerð 1972, með því að láta af hendi við seljanda bifreiðarinnar, Sigurbjart Þorvaldsson, Víðivangi 3, Hafnarfirði, sem fullt endurgjald fyrir bifreiðina, þrjá víxla, hvern að fjárhæð kr. 15.000,00 með gjalddögum 8. apríl, 8. maí og 8. júní 1983, samþykktu af ákærða sjálfum og útgefna af Sturlu Steindóri Steinssyni, Jörfabakka 28, Reykjavík, sem ákærði vissi að var með öllu eigna- og gjaldþolslaus. Ákærði seldi svo bifreiðina nokkru síðar fyrir kr. 45.000,00 og hagnýtti sér andvirði hennar án þess að hirða um að greiða víxlana.

3. Loks er ákærða gefið að sök að hafa gert tilraun til að hafa af Önnu Björk Sigurðardóttur, Lokastíg 4, Reykjavík, með sviksamlegum hætti andvirði bifreiðarinnar, Lada 1600 árgerð 1978, með því að hafa þann 31. október 1984 látið af hendi við Önnu Björk víxla, fjóra að fjárhæð kr. 10.000,00 og einn að fjárhæð kr. 5.000,00, á mánaðarlegum gjalddögum frá 14. nóvember 1984 fram til 14. apríl 1985, til greiðslu á kaupverði bifreiðarinnar, alla samþykktu af ákærða og útgefna af Ragnari Eiríkssyni Grýtubakka 30, Reykjavík, sem ákærði vissi að var með öllu eigna- og gjaldþolslaus. Fyrir tilstilli Rannsóknarlögreglu ríkisins tókst að ná bifreið-

inni úr höndum ákærða og upphefja kaupin áður en ákærða hafði gefist tóm til að endurselja bifreiðina og hagnýta sér söluverðið.

Telst þetta varða við 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir:

I.

Ákærði B hefur skýrt frá því að meðákærði Kristinn hafi komið að máli við sig á Hlemmtorgi í Reykjavík 29. júní 1984 og beðið sig að kaupa myndbandstæki í versluninni Hljómbæ. Ákærði kveðst hafa fallist á þetta og hafi Kristinn afhent honum tækka sem Kristinn hafi sagt vera greiðslu fyrir hest frá meðákærða J. Ekkert hafi verið rætt um að J ætti hlut að kaupunum á tækinu. Ákærði hefur greint frá því að Kristinn hafi verið í bifreið og ekið sér að Hljómbæ þar sem ákærði fór inn og gekk frá kaupunum.

Greiddi ákærði inn á tækið 10.000,00 krónur með tékkanum og gaf út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum, kr. 30.821,00. Ákærði fór út með tækið og afhenti það Kristni.

Ákærði kveðst ekki hafa ætlað að standa skil á skuldinni vegna tækiskaupanna, enda hafi hann aðeins gert þetta í greiðaskyni fyrir Kristin og auk þess verið í óreglu á þessum tíma og búinn að vera atvinnulaus frá því í febrúar eða mars.

Ákærði kveðst ekkert hafa fengið fyrir þátt sinn í þessum viðskiptum.

Ákærði Kristinn hefur greint frá því, að hann og báðir meðákærðu hafi staðið að því að svikja út myndbandstækið úr versluninni Hljómbæ. Hafi meðákærði J afhent sér tækka fyrir útborgun í tækinu. Kveðst ákærði síðan hafa ekið með B að versluninni, þar sem B fór inn og gekk frá kaupunum. Framburður ákærða hefur í ýmsum greinum verið óstöðugur. Í þremur skýrslum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, 28. september 1984, kemur fram að þeir B hafi farið á fund J á vinnustað hans þar sem þeir réðu ráðum sínum um svikin og þar hafi J afhent B tékkann. Í skýrslu 1. október 1984 breytir hann framburði sínum og segist sjálfur hafa tekið við tékkanum af J og skilja verður skýrsluna þannig, að B hafi ekki verið viðstaddur. Í fyrstu skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni greindi ákærði frá því, að hann hafi afhent B 10 eða 15.000,- krónur sem hann fékk frá J fyrir tækið en haldið eftir 5.000,00 krónum, sem hann hafi litið á sem lán frá B. Í skýrslu 1. október 1984 segist ákærði hafa tekið við 20.000,00 krónum frá J. Hann hafi lánað vitninu Gunnari Jóni Hilmarssyni 9.000,00 krónur, sjálfur fengið að láni 5.000,00 krónur og afhent B 6.000,00 krónur. Í skýrslu daginn eftir

segir ákærði að hann hafi ekki afhent B neina peninga, en B hafi drukkið áfengi með ákærða og þannig notið lítilsháttar af ágóðanum. Hér fyrir dómi hefur ákærði hins vegar skýrt frá því, að þeir B hafi eytt þessum 20.000,00 krónum í drykkjusukk.

Ákærði J hefur borið, að hann hafi ekki átt neinn þátt í því að myndbandstækið var keypt í Hljómbæ og kveðst ekki hafa vitað að tækið væri þaðan. Hann hafi álitid að tækið væri smyglað eða að Kristinn hafi fengið það í hesta- eða bílakaupum. Hann hafi greitt Kristni 20.000,00 krónur fyrir tækið og selt það aftur fyrir 28.000,00 krónur. Tékki sá sem notaður var í útborgun fyrir tækið segir ákærði að hafi verið greiðsla sín til ákærða Kristins fyrir hest sem ákærði keypti af honum. Vitnið Einar Gunnar Óskarsson hefur skýrt frá því, að fyrir um tveimur árum hafi ákærði Kristinn selt meðákærða J 5 vetra hest, sem vitnið hafði í vörslu sinni.

Telja verður sannað með framburði þeirra ákærðu B og Kristins, og sakargögnum málsins, að þeir hafi í félagi staðið að því að svikja myndsegulbandstæki út úr versluninni Hljómbæ með þeim hætti, sem lýst er í I. kafla ákærunnar. Hafa ákærðu með þessu unnið sér til refsingar samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga.

Nokkrar líkur eru fyrir því að ákærði J hafi verið í félagi með þeim um brotið. Ber því til stuðnings að nefna framburð meðákærða Kristins, sem þó er að ýmsu leyti ótrúverðugur, og einnig tékkann, sem ákærði gaf út og notaður var til þess að greiða með hluta af kaupverði tækisins. Á hinn bóginn er á það að lita, að ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa verið viðriðinn svikin og þykir því varhugavert að fella á hann sök í málinu. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærða af ákæru í máli þessu.

II.

1. Með játningu ákærða Kristins er sannað að hann sveik út vörur úr Olíufélaginu hf. í Reykjavík með þeim hætti sem í ákæru málsins greinir og fénytti sér vörurnar.

Hefur ákærði með þessu unnið sér til refsingar samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga.

2. Með játningu ákærða Kristins er sannað að hann sveik út bifreiðina M-2788 með því að láta fyrir hana þrjá 15.000,00 króna víxla, sem útgefnir voru af Sturlu Steindóri Steinssyni en ákærða var þá kunnugt að Sturla Steindór var með öllu ógjaldfær.

Hefur ákærði með þessu unnið fullframið brot samkvæmt 248. gr. laganna.

3. Með játningu ákærða er sannað að ákærða tókst með svikum að ná undir sig bifreiðinni Y-7218 með því að láta fyrir hana sex víxla, ekki fimm eins og segir í ákæru, samtals að fjárhæð 55.000,00 krónur, sem Ragnar

Örn Eiríksson hafði gefið út, en ákærða var ljóst að Ragnar Örn var ógjaldfær óreglu- og afbrotamaður.

Í ákærinni er þessi verknaður talinn varða við 248. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga en dómurinn lítur svo á að enda þótt kaupunum hafi verið rift og seljandinn ekki beðið tjón af þeim beri að sakfella ákærða fyrir fullframið brot samkvæmt 248. gr. laganna.

Í málinu er bótakrafa Sveinsínu Bjargar Jónsdóttur að fjárhæð 45.000,00 krónur sem ákærði hefur samþykkt að greiða.

Viðurlög:

Samkvæmt sakavottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði Kristinn sætt refsingum sem hér segir:

1977 12/12 í Reykjavík. Sátt: 30.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 9/11 1977.

1981 15/9 í Reykjavík. Dómur: 4.500 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 31/6 1981.

1981 29/10 í Reykjavík. Sátt: 1.200 kr. sekt f. brot g. 11.,14.,27. og 50. gr. umfl.

1981 14/12 í Reykjavík. Sátt: 4.500 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1982 16/3 í Reykjavík. Sátt: 4.500 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1982 3/12 í Reykjavík. Dómur: 7.500 kr. sekt f. brot á 27. gr. umfl.

1984 7/6 í Reykjavík. Dómur 20.000 kr. sekt f. brot á 1. mgr. 27. gr. umfl.

Þykir refsing ákærða vera hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Fullnustu 3 mánaða af refsingunni skal þó fresta og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

— — —
Dæma ber ákærða Kristin til þess að greiða Sveinsínu Björgu Jónsdóttur 45.000,00 krónur.

Sakarkostnaður greiðist sem hér segir:

Úr ríkissjóði greiðist málsvarnarlaun verjanda ákærða J, Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, krónur 12.000,00.

Ákærði B greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Georgssyni héraðsdómslögmanni, málsvarnarlaun, kr. 12.000,00.

Annan sakarkostnað í málinu greiði ríkissjóður að 1/12, ákærðu B og Kristinn in solidum að 2/12 og ákærði Kristinn einn að 9/12 hlutum.

D ó m s o r ð:

Ákærði J skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Kristinn Jónsson sæti fangelsi í 6 mánuði. Fullnustu 3 mánaða af refsingunni skal þó fresta og fellur refsingin niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi ákærði almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði B sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði Kristinn greiði Sveinsínu Björgu Jónsdóttur krónur 45.000,00 í skaðabætur.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða J, Ragnars Aðalsteinsonar hæstaréttarlögmanns, krónur 12.000,- greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði B greiði í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar héraðsdómsslögmanns, krónur 12.000,00.

Annan sakarkostnað greiði ríkissjóður að 1/12, ákærðu Kristinn og B að 2/12 hluta og ákærði Kristinn 9/12 hlutum.
